

Mál nr. 395/2013**M
og
vátryggingafélagið X v/ innbústryggingar.****Ágreiningur um hvort farsími sem skemmdist hafi verið í eigu vátryggðs á tjónsdegi.****Gögn.**

193. Málskot, móttakið .2013, ásamt fylgigögnum.

194. Bréf X, dags. 25.11.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti mun farsími, sem M kveður hafa verið í sinni eigu, hafa orðið fyrir skemmdum. Hinn 9.9.2013 hafi hún tilkynnt tjónið til X, þar sem hún hafi í gildi innbústryggingu. M kveður símann hafa verið persónulegan mun í sinni eigu sem hún hafi keypt af fyrirtækinu A. Hafi hún framvísað greiðslukvittun frá A því til sönnunar.

Með bréfi, dags. 8.10.2013, hafnaði X bótaskyldu þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að síminn hafi verið í eigu M þegar tjónsatburður varð. Þá kemur fram í bréfinu að X hafi hinn 9.9.2013 borist tilkynning vegna atviksins.

Í bréfi X frá 25.11.2013 vegna málskotsins segir að M hafi komið með farsímamann í starfsstöð X hinn 27.9.2013 sem hafi orðið fyrir tjóni 16.5.2013 er hann féll á flísagólf á heimili M. Hafi M sagst hafa keypt símann af A en hafi engin gögn sem staðfesti það. M hafi komið að nýju 7.10.2013 með afrit af reikningi B, dags. 16.5.2013, að fjárhæð 137.390 krónur þar sem fram komi að A hafi keypt símann. Einnig hafi hún komið með ódagsetta greiðslukvittun um að hún hafi keypt símann af A. Af hálfu X hafi greiðslukvittunin ekki verið talin næg sönnun um eignarhald M á símanum. Degi síðar, eða 8.1.2013, hafi M komið svo aftur með greiðslukvittunina þar sem búið hafi verið að færa inn á hana dagsetninguna 16.5.2013. Greiðslukvittunin í breyttri mynd hafi ekki breytt afstöðu X til bótaskyldu.

Álit.

M krefst bóta vegna farsímans úr innbústryggingu sinni hjá X. Í 1. gr. skilmála sem gilda um vátrygginguna kemur fram að vátryggingin taki til innbús vátryggðs en með því sé átt við almennt innbú og persónulega muni sem fylgja almennu heimilishaldi.

Ekki liggur fyrir í málinu tjónstilkynning sú sem á að hafa borist X 9.9.2013. Af gögnum málsins verður ekki ráðið hvenær tjónsatburður varð að öðru leyti en því sem segir í bréfi X vegna málskotsins að hann hafi orðið 16.5.2013. Fyrir liggur afrit af reikningi Fjarskipta hf. til A, dags. 16.5.2013, vegna kaupa á farsíma að fjárhæð 134.990 krónur og vegna viðgerðar 2.400 krónur, eða samtals 137.390 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá liggur enn fremur fyrir greiðslukvittun A, sem er dagsett 16.5.2013, um að M hafi greitt sér með peningum 137.000 krónur. Ekki kemur fram á greiðslukvittuninni hvað stendur að baki greiðslunni.

Við úrlausn máls þessa þykir mega miða við að reikningurinn og greiðslukvittunin hafi borist X eins og greinir í bréfi X, svo og hvernig dagsetning var færð síðar inn á

greiðslukvittunina. Ljóst er af gögnum málsins að farsími sá sem fyrir skemmdum varð var í upphafi keyptur af A. Gegn mótmælum X dugir umrædd greiðslukvittun eins og hún er úr garði gerð ekki sem sönnun þess að síminn hafi verið í eigu M þegar hann skemmdist. Samkvæmt þessu og að öllum gögnum málsins virtum að öðru leyti verður ekki talið að M hafi sýnt fram á að hún hafi verið eigandi símans þegar tjónsatburður varð. Hún á því ekki rétt á að fá hann bættan úr innbústryggingu sinni hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna tjóns á farsíma úr innbústryggingu sinni hjá X.

Reykjavík, 17. desember 2013.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.